

62. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 17. september 2012, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þórsoddsson, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Fundi sem halda átti 13. sept. var frestað til dagsins í dag vegna þess að ekki náðist að manna þann fund.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð Sveitarstjórnar dags. 23. ágúst 2012

Í lið fjögur í fundargerðinni fór sveitarstjóri yfir að fimm fyrirtæki væru frá Langanesbyggð í ferðaþjónustuklasanum Norðurhvari. Lagt til að erindinu verði hafnað.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Landbúnaðarnefndar dags. 24. ágúst 2012

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð hafnarstjórnar dags. 7. sept. 2012

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur undir bókun hafnarnefndarinnar með Stein Karlsson fráfarandi hafnarvörð, þakkar fyrir vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

4. Fundargerð USB dags. 11.sept. 2012

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Ákveðið að fresta fundi sveitarstjórnar sem halda átti 27. september n.k. vegna Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Næsti fundur verður þess í stað 11. október n.k. Samþykkt samhljóða.
- Sveitarstjóri fór yfir fyrstu 6 mánaði ársins. Og sagði hann frá því að nú færi vinna við fjárhagsáætlun 2013 að fara í gang en samkvæmt nýju sveitarstjórnarlögum skal vinna fjárhagsáætlun komandi árs samhliða 3ja ára fjárhagsáætlun og skal tveimur umræðum í sveitarstjórn vera lokið eigi síðar en 15.des. nk.
- Sveitarstjóri kynnti að búið væri að sækja um byggðarkvóta fyrir Þórshöfn og Bakkfjörð.
- Sveitarstjóri fór yfir að hann væri að vinna í umsókn vegna samgönguáætlunar 2013-2016 vegna hafnarinnar á Þórshöfn.

6. Bréf frá Greiðri leið ehf. dags. 31. ágúst 2012

Lagt fram erindi frá Greiðri leið ehf. um hækkun á hlutfé félagsins um kr. 100.000.000 sbr. ákvörðun aðalfundar 30. júní 2011. Langanesbyggð hefur áskriftarrétt að hlutfé í hlutfalli við núverandi hlutfjáreign sína í félaginu, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Heimildin er veitt til 1. júní 2013 og er henni ætlað að gera félaginu mögulegt að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Vaðlaheiðagöngum hf. Sveitarstjórn samþykkir að nýta áskriftarhlut að upphæð kr. 300.552.

7. **Bréf frá Alþingi dags. 3. sept. 2012**

Í bréfinu er Fjárlaganefnd Alþingis að bjóða sveitarfélaginu upp á viðtal. Samþykkt að óska eftir fjarfundi mánudaginn 15. október nk.

8. **Bréf frá Umhverfis-og auðlindarráðuneytinu dags. 3.sept. 2012**

Lagt fram til kynningar.

9. **Bréf frá Umhverfisráðuneytinu dags. 27. ágúst 2012**

Sveitarstjóri fór yfir að unnið væri í málinu.

10. **Bréf vegna stofnun sjávarútvegssveitarfélaga.**

Lagt fram bréf frá undirbúningshópi um stofnun Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að gerast stofnaðili að Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga. Samþykkt að Sigríður Jóhannesdóttir fari með umboð

Langanesbyggðar á stofnfundinum.

11. **Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags 2012-2013, dags. 20. ágúst**

Samþykkt að hafna umsókninni og byggist það á reglum Langanesbyggðar um námsvist utan lögheimilissveitarfélaga.

Fundargerðin upplesin og samþykkt fundi slitið kl. 18:50